

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 212/2015**

2017/EES/19/16

**frá 25. september 2015**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við**  
**EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/565 frá 8. apríl 2015 um breytingu á tilskipun 2006/86/EB að því er varðar tilteknar, tæknilegar kröfur varðandi kóðun vefja og frumna úr mönnum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/566 frá 8. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar 2004/23/EB að því er varðar verklagsreglur til að sannprófa hvort gæða- og öryggiskröfur varðandi innflutta vefi og frumur eru sambærilegar <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 15z (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/86/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32015 L 0565:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/565 frá 8. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 43).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 16. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 658/2014):

„17. **32015 L 0566:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/566 frá 8. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar 2004/23/EB að því er varðar verklagsreglur til að sannprófa hvort gæða- og öryggiskröfur varðandi innflutta vefi og frumur eru sambærilegar (Stjtið. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 56).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana (ESB) 2015/565 og (ESB) 2015/566, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 43.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 56.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Ingrid Schulerud***

formaður.